

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, nr. 670/2009.

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 14.500
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni m.t.t. örvera og eðlisþátta	kr. 23.000
Gjald fyrir flutning (dráttargjald) á skráningarskyldum ökutækjum án skráningarmerkja, tækjum, kerrum, vinnuvélum, bátum og lausamunum skv. samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra	kr. 25.000
Gjald fyrir geymslu (geymslugjald) á skráningarskyldum ökutækjum án skráningarmerkja, tækjum, kerrum, vinnuvélum, bátum og munum skv. samþykkt nr. 463/2002 um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra	kr. 1.000 á dag

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á eitt og hálf tímagjald

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingagjaldi ef við á eitt og hálf tímagjald

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á eitt og hálf tímagjald

3. gr.

Gjald skv. viðauka gjaldskrárinnar orðist svo:

1. flokkur	kr. 7.604
2. flokkur	kr. 15.207
3. flokkur	kr. 30.415
4. flokkur	kr. 46.270
5. flokkur	kr. 58.395
6. flokkur	kr. 85.590
7. flokkur	kr. 106.272
8. flokkur	kr. 124.521
9. flokkur	kr. 157.797
10. flokkur	kr. 209.322
11. flokkur	kr. 236.519
12. flokkur	kr. 260.847

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er samin með heimild samkvæmt 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum, samkvæmt 21. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, samkvæmt 25. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum og samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum. Gjaldskrárbreytingin var samþykkt í heilbrigðisnefnd þann 24. október 2018 og öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Akureyri, 23. ágúst 2019.

Alfreð Schiöth,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2019